



Reykjavík 20. mars 2023

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025 – Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Íðjubjálfafélag Íslands fagnar því að hugað sé að stefnu um þekkingarsamfélag hér á landi og þakkar tækifærið til að veita málinu umsögn. Við teljum þó að málefnið þarfnist mun meiri og dýpri umræðu með aðkomu fleiri hópa sérstaklega í ljósi þess hversu mikilvægt það er að við sem samfélag aðlögum og þróum tæknina að okkar þörfum en ekki öfugt. Sérlega brýnt er að fyrirbyggja þann kynjahalla og skekkjur sem læðast inn í hönnun á gervigreind og bitna á jafnrétti, kvenfrelsi og aðstæðum jaðarsettra og viðkvæmra hópa. Við tökum undir þær ábendingar sem fram eru komnar í öðrum umsögnum (Gylfi Magnússon #4, Sigrún Kristín Jónasdóttir #11 og Páll Rafnar Þorsteinsson #27).

Íðjubjálfun byggir á heilbrigðis- og félagsvísindum og iðjubjálfar eru löggilt heilbrigðisstétt hér á landi með 240 ECTS eininga háskólanám að baki. Íðjubjálfar eru samkvæmt WHO skilgreindir sem ein af sjö endurhæfingarstéttum. Íðjubjálfar hafa sérþekkingu á því hvernig efla má iðju, færni og þátttöku fólks á öllum aldri. Þeir greina einnig hvernig umhverfið ýtir undir eða hindrar einstaklinga við að stunda þá iðju sem þeim er mikilvæg fyrir heilsu og vellíðan. Íðjubjálfar meta hvaða aðlögun, hjálpartæki og velferðartækni nýtist til að efla færni og þátttöku fólks með skerta getu. Þjónusta iðjubjálfa grundvallast á gagnreyndri þekkingu og viðurkenndu verklagi enda eru þeir háskólamenntaðir sérfræðingar á heilbrigðissviði.

Til þess að velferðarkerfið okkar verði haldbært er nauðsynlegt að leggja mun ríkari áherslu á forvarnir og endurhæfingu á öllum stigum heilbrigðis- og félagsþjónustu sérstaklega í ljósi þess að hópur aldraðra í samfélaginu fer ört stækkandi. Til þess að mæta þörfum aldraðra fyrir þjónustu eru iðjubjálfar ómissandi hlekkur í þverfaglegri keðju heilbrigðisstarfsfólks sem er sérhæft innan endurhæfingar. Það er skortur á iðjubjálfum hér á landi líkt og víðar í nágrennalöndum okkar og því algerlega nauðsynlegt að fara í aðgerðir sem leiða til fjölgunar í faggreininni. Það skýtur því skökku við að iðjubjálfar skuli ekki vera á þeim lista sem talinn er upp í III. kafla, grein 1.2. í tillögunni.

Við förum fram á að iðjubjálfum verði bætt við þá upptalningu á heilbrigðisgreinum sem koma fram í tillögu ráðherra.

Virðingarfyllst,

Þóra Leósdóttir, formaður
Íðjubjálfafélag Íslands
Borgartúni 6
105 Reykjavík